

SAMÞYKKT

um sorphirðu hjá Vopnafjarðarhreppi.

1. gr.

Vopnafjarðarhreppur annast eða býður út sorphirðu í Vopnafjarðarhreppi í samræmi við samþykkt þessa. Sorphirða fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og undir eftirliti heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni íbúðarhúsnæðis í Vopnafjarðarhreppi er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn ákveður í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á veturna og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Sorphirðumönnum er aðeins ætlað að taka sorppoka úr viðurkenndum sorpílátum. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Sorpílát skulu vera af þeirri gerð sem sveitarstjórn ákveður og ekki þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þau. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílát meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

Í sorpílát má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp. Óheimilt er að setja í ílátin mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h., glóð eða heita ösku. Spilliefnum skal skilað á sérstakan móttökustað.

4. gr.

Sorphreinsun fer að janfaði fram einu sinni í viku, þó veður sorp sótt í dreifbýli á tveggja vikna fresti mánuðina nóvember til og með apríl. Um stórhátíðir skal hreinsa sorp eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á. Hverri skráðri íbúð skulu lagðir til 75 sorppokar árlega.

5. gr.

Fyrirtækjum og öðrum þeim sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en tilgreint er í 4. gr., ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu.

Gjald fyrir þá sorpeyðingu sem Vopnafjarðarhreppur framkvæmir samkvæmt grein þessari skal birt í sértakri gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir.

6. gr.

Allt sorp sem ekki fellur undir 3. gr. skal koma með á afmarkað svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisfulltrúa. Sama gildir um mold og garðaúgang.

7. gr.

Sorphirða samkvæmt 4. gr. greiðist af hreppssjóði. Þó er hreppssjóði heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald og sorpeyðingargjald, sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign, sem nýtur framangreindar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu. Vopnafjarðarhreppi er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðisfulltrúa eða sveitarstjóra hreppsins.

9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og/eða geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjóra eða heilbrigðisfulltrúa, sem gera þá viðunandi ráðstafanir til að bætt verði úr. Sorphirðumönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 32. og 33. greinar laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.